

Baruch Spinoza/Benedictus Spinoza. Glefsur úr heimspeki hans. Gluggað í rit hans og annarra um þau.

Nokkur meginatriði úr speki portugalsk/hollenska heimspekingins, Baruch Spinoza (Benedictus Spinoza): Tilveran (menn og náttúra) er heildstæð og hvílir á einni undirstöðu. Samnefnari hennar er Guð, sem hefur til að bera ótakmarkaða eiginleika og er hinn innsti veruleiki. Veruleikinn er sjálfsannaður, undirstaðan, og orsök sjálfs sín. Hver og einn eiginleiki er veröld í sjálfri sér. Einungis tvo eiginleika undirstöðunnar/Guðs, ber maðurinn kennsl á; hugsun og rúm. Eiginleikarnir ummyndast í minni heima; t.d. eru vit og vilji ummyndanir hugsunarinnar.

Líkama og sál segir BS vera eitt, sameinað og samræmt sökum þess, að um sé að ræða ummyndanir samræmdra eiginleika. Í bók sinni Siðfræði (3.hluti, þýtt af Gunnari Á. Harðarsyni) segir BS:

„Allir hættir hugsunar eiga orsök sína í Guði að því leyti sem hann er hugsandi vera, en ekki að því leyti sem hann er skýrður með annarri einkunn (skv. Setn. 6 í 2. hl.); það sem knýr Hugann til að hugsa er því háttur hugsunar, en ekki Rúmtaks, þ.e. (skv. skilgr. 1 í 2. hl.) það er ekki Líkami: sem var fyrra atriðið.“

„[...] að Hugur og Líkami séu einn og sami hluturinn, sem er hugsaður ýmist undir einkunn Hugsunarinnar eða Rúmtaksins. Af þeim sökum er röð eða tengsl hlutanna aðeins ein, hvort sem náttúran er hugsuð undir þessari eða hinni einkunninni, og þar af leiðandi fylgir röð athafna og ástríðna Líkama vors eðli sínu samkvæmt röð athafna og ástríðna Hugans:...” (Siðfræði 3.hluti, þýtt af Gunnari Á. Harðarsyni, Námskeið í nýaldarheimspeki HÍ vor 2013):

Kenningar um frelsi og vilja minna um margt á vangaveltur hinna fornu Stóuspekinga, en þeir líktu frelsinu og viljanum við dýr, er bundið væri við vagn. Það fylgdi, hvort sem því líkaði vel eða miður. BS gerir t.d. að umtalsefni, að stundum „geri“ líkaminn sitthvað, sem hugurinn virðist ekki hvetja til eða stjórna, eins og til að mynda við göngu í svefni. Tungan og sterkar ástríður, segir BS, geta einnig tekið stjórnina. Þannig getur maðurinn verið sér meðvitaður um, hvað hann gerir, án þess að vita hvers vegna. Í ofangreindu riti segir hann:

„[...] þá væri það vissulega mun farsælla í mannlegum málefnum ef það væri jafnt í mannlegu valdi að þegja og að tala. En reynslan kennir nóg samlega að það er ekkert sem mennirnir hafa síður á valdi sínu en tunguna og geta fátt temprað síður en langanir sínar; enda eru flestir á því að við séum aðeins frjáls að gera það sem við höfum litla löngun til, því að löngun til þeirra hluta má auðveldlega halda í skefjum með minningu annars hlutar, sem við minnumst oftar; en sjaldnast þeim, sem við þráum af miklum ákafa, og ekki er hægt að bæla með minningu annars hlutar. Því að ef við hefðum ekki reynslu af því að við gerum margt, sem við síðar sjáum eftir, og sjáum oft hið betra en fylgjum því verra, þ.e. þegar við erum undirorpin andstæðum tilfinningum, þá væri ekkert í vegi fyrir því að við tryðum því að við breytum algerlega frjálst. Þannig trúir barnið því að það sé frjálst að því að vilja mjólkina, reiður þjakkurinn að hann sé frjáls að því að vilja ná fram hefndum og sá uppburðarlitli að hann sé frjáls að því að vilja flóttann. Sá ölvaði trúir því að hann hafi sagt það af frjálsri ákvörðun hugans sem hann hefði viljað láta ósagt þegar runnið er af honum: Þannig trúðu brjálæðingurinn, kjaftaskjóðan, krakkinn og margir slíkir því að þau hefðu talað af frjálsri ákvörðun Hugans þegar þau gátu einfaldlega ekki haldið aftur af þeirri hvöt sem þau höfðu til að tala. Svo að reynslan sjálf kennir ekki óljósar en skynsemin að mennirnir telja sig frjálsa af þeirri sök einni að þeir eru sér meðvitaðir um athafnir sínar en þekkja ekki orsakirnar sem þær ráðast af. Og ennfremur að ákvarðanir Hugans eru ekkert annað en hvatirnar sjálfar, sem eru

Þess vegna ólíkar eftir ólíku ástandi Líkamans. Hver og einn hagar sér eftir eigin hvötum og þeir sem eru undirorpnir andstæðum ástríðum, þeir vita ekki hvað þeir vilja; en þeir sem engar hafa flökta auðveldlega hingað og þangað.....(Siðfræði 3.hluti, þýtt af Gunnari Á. Harðarsyni, Námskeið í nýaldarheimspeki HÍ vor 2013):

En þetta allt sýnir svo ekki verður um villst, að ákvarðanir Hugans jafnt sem hvatir og virkni Líkamans eru sama eðlis, eða öllu heldur eru einn og sami hluturinn, sem við köllum ákvörðun, þegar hann er skoðaður undir einkunn Hugsunarinnar og skýrður út frá henni, en þegar við skoðum hann undir einkunn Rúmtaksins og út frá lögmálum hreyfingar og kyrrstöðu, köllum við hann nauðsyn; ...“ (Siðfræði 3.hluti, þýtt af Gunnari Á. Harðarsyni, Námskeið í nýaldarheimspeki HÍ vor 2013):

Sú hugmynd, að heimurinn og náttúran sé guð, undirstaða eða allsherjarlögmál veraldarinnar, er öllu stjórnar, er forn, teygir anga allt aftur til Pýþagorasar og Platóns, mjög í skýr í hugsun Stóuspekinganna.

Andstætt kenningum René Descartes kennir BS, að eðlið mannsins eða verund sé eitt og hið sama (þ.e. líkami og hugur) og orsakasamhengið sé eitt.

BS sækir innblástur í forngríska speki, kenningar Bíblíunnar, gyðingleg trúarbrögð, kenningar franska heimspekisngsins, René Descartes, breska heimspekingsins, Thomas Hobbes, og ítalska heimspekingsins, Nicolo Machiavelli. Hann hafði einnig kynni af þýska heimspekingnum, Gottfried Wilhelm Leibniz. (Bryan Magee, Saga heimspekinnar. Mál og menning, 2002, s. 118-119.)

Magee: „Ég held að hann hafi kannski verið fyrsti maðurinn í evrópskri hugsun sem kom fram með þá hugmynd að það að uppgötva hverjar eru hinar huldu uppsprettur tilfinninga okkar og athafna hafi í einhverjum marktækum skilningi frelsandi áhrif jafnvel þótt það auki ekki frelsi manns bókstaflega talað. Það er frelsandi vegna þess að það gerir mann sáttan við sjálfan sig. Það losar hann við vonbrigðin – og þess vegna við reiðina og hugarangrið sem vonbrigði valda og stafa af því að vera ofurseldur öflum sem maður skilur ekki. Það leiðir til þess að maður sættir sig við hlutina og það aftur til þess að honum finnist hann vera laus við þvingun, og þetta eykur mjög hamingju hans – já, það er galdurinn við að verða hamingjusamur. Þessi hugsun hefur skotið upp kollinum aftur og aftur í mismunandi búningi æ síðar. Sem dæmi má nefna að hún er meginatriði í hugmyndum Freuds og sálgreiningarinnar.“ (108)

Anthony Quinton: „Ég held þú hafir rétt fyrir þér. Eða þá að það mætti líta á viðhorf Spinoza til stöðu mannsins í heiminum sem stóískt viðhorf. Það er sú hugmynd að heimurinn kringum okkur hafi ekki sérstakan áhuga á okkur svo að við verðum að draga úr getu hans til að láta okkur þjást með því að hafa stjórn á geðhræringunum sem hann vekur með okkur....það felst eitthvað meira í þessu hjá Spinoza. Hann telur ekki að við getum bælt niður eða sigrast á þessum döpru og óheppilegu óvirku geðshræringum, jafnvel þótt við reynum til hins ýtrasta. Afstaða hans er sú að með því að beita vitsmununum til að öðlast skilning á heiminum getum við látið þessar geðshræringar hverfa smátt og smátt svo að hinar virku geðshræringar komi í þeirra stað. Háleitust þeirra er sú sem hann kallar „hina vitrænu ást á Guði,“ geðshræringin sem fylgir frumspekilegum skilningi, heildarskilningi á eðli alheimsins.“ (108-109)

Hugur: Tímarit um heimspeki. 16. Árg. 2004. Rvk. 2004: Deleuze, G. Hvernig siðfræðin greinir sig frá hvers kyns siðferði 170 – 179

„Siðfræðin dregur upp mynd af manni heiftrækninnar sem lítur á hvers kyns hamingju og gleði sem móðgun og lætur eyndina eða vanmáttinn verða sína einu ástríðu.“ 177

„Vissulega má finna heimspeki „lífsins“ hjá Spinoza: hún felst einmitt í því að deila á hvaðeina sem myndar gjá milli okkar og lífsins, það er að segja hvers kyns handanverandi gildi sem beinast gegn lífinu og tengjast skilyrðum og talsýnum vitundar okkar.“ S. 177

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Takmörk rökvísinnar. Tilfinningalíf og ímyndunarafl í uppeldi spinozískra þegna. 180 – 199

„Þegar til þess er litið að Ritgerð um guðfræði og stjórnsmál er eitt fyrsta rit vestrænnar heimspeki þar sem trúfrelsi, málfrelsi og umburðarlyndi eru sögð vera til góða ekki aðeins einstaklingum heldur samfélaginu öllu ætti þetta orðspor Spinoza kannski ekki að koma á óvart.“ 180

„Textar Spinoza eru flóknir og margslungnir. Hann er þversagnakenndur eins og allir snillingar, illskiljanlegur og jafnvel óskiljanlegur á köflum. Verk hans skilja eftir sig fjölmarga túlkunarmöguleika.“ 181

„Orsök viljans liggur annars staðar en í einhvers konar meðvituðu vali. Við erum því á engan hátt frjálssari manneskjur, samkvæmt Spinoza, með því að gera bara það sem við ímyndum okkar að séu okkar eigin ákvarðanir. Við verðum einungis frjáls með því að skilja betur or- (185)akir og eðli þessara ákvarðana og viðbragða okkar við umheiminum. Með því einu að skilja ófrelsi okkar og takmarkanir þá fyrst færumst við nær því að verða frjáls. Frelsi er ekki eitthvað sem við „fáum“, „eignumst“ eða „höfum“, hvort heldur er í formi frjálssra tækifæra eða borgaralegra réttinda.“ 186

„Sambandið milli líkama og sálar er einn þeirra upphafspunkta sem maðurinn verður að skilja í leitinni að sjálfsþekkingu. Í þessu samhengi hafnar Spinoza hinni hefðbundnu tvíhyggju, þ.e.a.s. hann hafnar því að líkami og sál séu einhvers konar aðgreindar andstæður. Í hugsanakerfi Spinoza eru sál og líkami tvær hliðar á sama efnislega veruleikanum, órjúfanlegar hliðar á sama peningi.“ 186

Í bréfi til Villem van Blijenburgh 5. Jan. 1665:

„,„Því af öllum hlutum sem standa utan míns valdsviðs er ekkert sem ég hef meira í hávegum en að hlotnat sá heiður að bindast vinaböndum fólki sem af einlægni elskar sannleika. Því ég trúi að við af öllum hlutum handan valds okkar sé ekkert í heiminum sem við getum elskað í rósemd nema slíkir menn. Þar eð sú ást er byggð á ástinni sem hver þeirra hefur fyrir þekkingu á sannleika er jafn ómögulegt að leysa upp ástina sem slíkir menn bera hver í annars garð og að synja sannleikanum móttöku þegar hann hefur á annað borð verið handleikinn. Ennfremjur er hún hið mesta og ánægjulegast sem finna má meðal þeirra hluta sem eru ekki í okkar valdi; þar eð ekkert nema sannleikur getur sameinað ólík sjónarmið og skapgerðir.““ 190

„Hver og einn hneigist,, ætíð til að starfa gegn öðrum í umhverfi hans og fylgja löngunum sem eru ekki bara skaðlega öðrum, heldur þegar upp er staðið, honum sjálfum.“ 192

„Ímynd samfélags þar sem allir menn yfirstíga ástríður sínar og, við leiðsögn skynseminnar og með afgerandi valdi hins fullvalda, rísa til f riðsamlegs samlífis við náungann var

sannarlega hugsun sem Spinoza deildi með hinum markverðustu samtímamönnum sínum.“
193

„Hér kemur við sögu sýn Spinoza á það hvernig við getum ummyndað að einhverju leyti líkamlegt og sálræt upplag okkar svo okkur verði kleift að bindast hvert öðru á frjórri hátt en við hneigjumst til af „náttúrunnar“ hendi.“ 193

Koivuniemi, M. Í kóngulóarvefnum. Spinoza um hrif. 200-218

Eftir fyrsta ævisöguritara BS. Johannes Colerus (1647-1707): „Þegar Spinoza hafði löngun til að dreifa huga sínum um hríð, leitaði hann að kóngulóm og lét þær berjast sín á milli, eða henti flugum í kóngulóarvefinn, og var stundum svo ánægður með orrustuna að hann rak jafnvel upp hlátursroku.“ 200

„Hann andmælir nálgun forvera sinna sem „sjá menn ekki eins og þeir eru, heldur eins og þeir sjálfir vildu hafa þá.“ (Ritgerð um stjórnsmál.).....Spinoza ræðst opinskátt að Descartes og stóumönnum sem álitu að við gætum náð fullu valdi yfir ástríðum okkar og sá þannig, samkvæmt Spinoza, „manninn í náttúrunni sem ríki innan ríkisins.“ (Siðfræðin) 203

„Spinoza lítur á hrif sem hluta (203) náttúrunnar, sem fylgi reglum hennar og séu rannsóknar verð eins og hvaðeina annað. „Þess vegna,“ segir hann “hyggst ég meðhöndla eðli og öfl hringanna og afl hugans yfir þeim með sömu aðferð og ég meðhöndlaði Guð og hugann í köflunum hér á undan, og ég mun gera grein fyrir athöfnum manna og fýsnum líkt og um sé að ræða línur, fleti og líkama.“

„Í upphafi þriðja hluta siðfræðinnar skilgreinir Spinoza svo:

„Með hrifum skil ég hrifningu líkamans, sem skerða eða auka athafanmátt hans, styðja hann eða halda aftur af honum og, um leið, hugmyndirnar um þessa aðlöðun.“ 204

„Spinoza skilgreinir einstakling með þessum hætti (siðfræðin):

„Þegar fjöldi líkama, hvort sem er af sömu eða ólíkum stærðum, eru svo skorðaðir af öðrum líkómum að þeir liggja hver upp að öðrum, eða ef þeir hreyfast með þeim hætti, hvort sem er á sama hraða eða ólíkum, að þeir tjái hreyfingu sína hver til annars með tilteknum hætti, segjum við að þessir líkamar séu sameinaðir hver öðrum og að þeir myndi allir saman einn einstaklingslíkama, sem er afmarkaður frá öðrum með þessari einingu líkamanna.“ 205

Siðfræðin: „Með gleði mun ég í því sem fylgir eiga við þá ástríðu sem hugurinn fer um á leið til aukinnar fullkomunnar. Og með trega, þá ástríðu sem hugurinn fer um til minni fullkomunnar. [...] Þar eftir hef ég útskýrt í P9S hvað löngun er, og utan þessara þriggja viðurkenni ég engin frumhrif. Því mun í því sem á eftir fer sýna þa öll önnur rísa (oriri) af þessum þremur.“ 206

„Hvers vegna skyldi maður nota hugtakið kappkostun hér? Alemnt lítur Spinoza svo á að „kappkostun sérhvers hlutar að viðhalda tilvist sinni sé ekkert annað en hin raunverulega uppistaða hlutarins.“ (siðfræðin) Þegar þessi kappkostun „er einungis tengd huganum,“ lítur Spinoza á hana sem vilja, en kallar það lyst „þegar hún tengist bæði huganum og líkamanum.“ Þessi lyst er eðli mannsins. Spinoza staðhæfir: (Siðfræðin) „Þessi lyst er þannig hvorki meira

né minna en eðli mannsins, og af henni leiða nauðsynlega þeir hlutir sem eru varðveislu hans til stuðnings. Og þannig er manningunni áskilið að gera þá hluti.“

„Á ég við með orðinu löngun sérhverja þá kappkostun mannsins, hverja hvöt hans og lyst og sérhvert viljaverk, sem eru jafn fjölbreytileg og upplag mannsins, og sem eru ósjaldan svo andsnúin hvert öðru að maðurinn togast í ólíkar áttir og veit ekki hvert hann á að snúa sér.“

(Siðfræðin) „það sem mestu varðar að taka eftir er að þegar ég segi að einhver fari frá minni til meiri fullkomunar, og öfugt, á ég ekki við að hann skipti um eðli eða snið. Til dæmis er hestur eyðilagður ef honum er breytt í mann, allt eins og væri honum breytt í skordýr. Við lítum (207) frekar svo á að athafnamáttur hans, að svo miklu leyti sem hann er skilinn út frá eðli hans, aukist eða minnki.“ 208

Siðfræðin: „hugurinn, að svo miklu leyti sem honum er það unnt, leitast við að ímynda sér þá hluti, sem auka eða styðja við athafnamátt líkamans.“

„þegar hugurinn ímyndar sér þá hluti sem draga úr eða halda aftur af athafnamætti líkamans, leitast hann við, að svo miklu leyti sem hann getur, að rifja upp þá hluti sem útiloka tilvist þeirra.“

Siðfræðin: „af þessu skiljum við berlega hvað ást og hatur eru. Ást er ekkert ann-(211)að en ánægja og hatur ekkert annað en tregi, í fylgilagi hugmyndar um ytri orsök.“

„Þá sjáum við að sá sem elskar kappkostar nauðsynlega að hafa þann hlut nálægan sem hann elskar, og varðveita hann; og hins vegar að sá sem hatar kappkostar að fjarlægja og eyða hlutum sem hann hatar.“

„Ef við skiljum tilfinningar eða hrif frá hugsuninni um ytri hlut og tengjum þau við aðrar hugsanir, þá er ástinni eða hatriu gagnvart hinni ytri orsök eytt, sem og hugarraskinu sem rís af þessu hrifum.“ 215

„Hrif sem eru ástríða hætta að vera ástríða um leið og við gerum okkar skýra og greinilega mynd af þeim.“

Atli Harðarson. Frelsi sem dygd og frjálsmannleg samfélagsskipan. Samanburður á Spinoza og Locke. 219 – 234.

„Á seinni öldum hafa flestir sem leggja jákvæðan skiling í frelsishugtakið talið að maður sé frjálstur þegar athafnir hans eru í samræmi við hans eigin meðvitund markmið eða skynsemin stjórnar hugunum hans og gerðum en ófrjálstur ef hann er t.d. á valdi ótta, fíknar eða múgsefjunar.“ 223

„Rousseau áleit að maður sé frjálstur ef hans eigin betri vitund eða skynsemi stjórnar gerðum hans en ófrjálstur ella. Svipaðar hugmyndir má finna hjá Kant og Hegel. Eftir því sem ég kemst næst hugmyndir þessara þremmenninga um frelsi að verulega leyti sóttar í Siðfræði Spinoza þar sem við upphaf IV. Hluta er á þessa leið:

„Vanmátt mannsins til að halda geðshræringum sínum í skefjum kalla ég „fjötra“ því sá sem er á valdi gegðshræringa er ekki sjálfs sín herra heldur leiksoppur örlaga sem hafa slíkt vald

yfir honum að (223) jafnvel þótt hann sjái hvað er betra er hann eigi að síður oft neyddur til að gjöra það sem er verra.“ 224

Ritgerð um guðfræði og stjórnmál:

„Sá sem reynir að stjórna öllu með lögum er líklegri til að auka lesti manna en að beina þeim á rétta braut. Best er að leyfa það sem verður hvort sem er ekki komið í veg fyrir, jafnvel þótt það sé í sjálfu sér skaðlegt. Hversu margt illt hlýst ekki af munaði, öfund, ágirnd, drykkjuskap og þvíumlíku, samt umberum vér slíka lesti því þeir verða ekki hindraðir með lögum.“ 220

Garrett, D. (a) (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997.

Garret, D. (c) *Spinozas ethical theory*. Garret, D. (a) 1997, s. 267-314.

Garret segir: „Andstætt við samtímaspekinga endurspeglar leit Baruch Spinoza skilning á lögmálum náttúrunnar (sem einnig má lýsa sem „þekkingu á Guði“), hinnar æðstu dygðar, hinnar eilífu velþóknunar. Kjarni siðfærði hans er iðkun vísinda fremur en siðfræði mótuð af þekkingu. Í siðferðilegri hugsýn hans auðvelda vísindin okkur að lifa og hrærast í samfélagi friðsemdar og góðra siða, þar gleðjast menn yfir velgengni og árangri sveitungans á þess að truflun stafi af veikleikum meðreiðarfólks.“

Ritgerð um eflingu greindarinnar: „Reynslan hafði fært mér heim sanninn um, að allt, sem að jafnaði ber fyrir í amstri dagsins væri innantómt og einskis vert. Aku þess varð mér ljóst, að ótti minn stafaði ekki af orsökum eða hlutum sökum góðra eða slæmra eiginleika þeirra sjálfra, nema þegar þeir hrifu huga minn beinlínis. Þessi reynsla varð mér hvating til að reyna að komast að, hvort til væru hin sönnu og greinanlegu gæði, sem væru búin þeim eiginleika að hrífa hugann að öllu leyti og samtímis stugga öðru á brott. Mér lék forvitni á að vita, hvort öðlast mætti slík gæði og hvort þau myndu þá veita mér hina mestu gleði til allrar eilífðar.“ (Garret 1997 (c))

Siðfræðin: „Hvaðeina á sér bólfestu í Guði, ekkert á sér tilveru án Guðs og ekkert er skiljanlegt án hans.“ - „Í náttúrunni er ekkert tilviljunum háð, heldur er tilvist allra hluta ákveðin af hinni æðri náttúru og hefur áhrif eðli sínu samkvæmt.“ - „Þar eð skynsemin krefst einskis í blóra við náttúruna, liggur í hlutarins eðli, að hver og einn unnir sjálfum sér, skari eld að eigin köku og beini sjónum að því, sem honum að gagni mætti koma. Maður leitar þess, sem verða má honum til frekari framdráttar og skyldi leitast við að hlynna að sjálfum sér eins og kostur er. Vissulega er hér um nauðsynlegan sannleik að ræða á sama hátt og vefurinn er margþættari en nemur einum þræði hans.“

„Það er ekkert því til fyrirstöðu, nema ef vera skyldi dapurleg hjátrú og grimmileg...því er það að hinn viti borni maður gleðst yfir hlutunum, þó að sjálfsögðu ekki að því marki, að við fáum óbeit á þeim. Það hefur enga gleði í för með sér. Því er það, að ég staðhæfi, að hinn viti borni leyfir sér að endurnærast og ganga í endurnýjum lífdaganna við að njóta hófsamlega bragðgóðs matar og drykkjar, ilms, fegurðar grænna jurta, skreytinga, tónlistar, íþróttar, leiklistar og því um líks. Þannig má hver maður geta notið lífsins, án þess að meiða náungann.“ - „...að við skyldum sækjast eftir dygðinni sjálfrar hennar vegna, því ekkert tekur henni fram og ekkert kemur okkur betur að gagni. Þess vegna ættum við að æskja hennar.“

Rocca, Michael della. Garret, D. (a) 1997, s. 192-266. Siðfræðin: „Við sækjumst eftir hverju einu því, sem veitir okkur ánægju, en forðumst eða tortímum því, sem leiðir til hins gagnstæða, drungans.“ - „Það er hverjum og einum markmið í sjálfu sér að stuðla að vexti og viðgangi sjálfs sín.“ - „Náttúran er ævinlega söm sjálfri sér, eðli (virtue) hennar og afl er hvarvetna það sama. Það felur í sér umbreytingar náttúrulegumálanna og áhrif á alla hluti er ævinlega og alls staðar þau sömu. Af þessu leiðir, að skilningur hvers eins og hvarvetna er sjálfur hinn sami, þ.e. fyrir tilstuðlan nefndra lögmála. Því er það, að geðshræringar eða kenndir vorar svo sem hatur, reiði, afbrýði og svo framvegis, fylgja eðli sínu samkvæmt og sökum náttúruaflanna sömu lögmálum og önnur fyrirbrigði.“ - : „Það er ekki unnt að hugsa sér, að kenndir búi í huganum án viðfangs; þannig er ást án hugtaks (hugmyndar) hins elskaða óhugsandi á sama hátt og þrá án þess þráða. En hugtak getur verið til án hugsunarháttar.“

Curley. Ritgerð um stjórnsmál: Curley segir: „Færa má rök að því, að Baruch Spinoza sé undir sterkari áhrifum frá Machiavelli en nokkur hinna málsmetandi stjórnspekinga á nýöld.“ (Curley 1997, s. 315)

Í ritgerð um guðfræði og stjórnsmál: „Í lýðræði „afsalar enginn sér náttúrulegum réttindum, án þess að áskilja sér framtíðarsamráð. Hlutaðeigandi fer fremur þá leið að afsala sér þeim til meirihlutans í samfélaginu. Hann er einn hluta þess.“

Í ritgerði um stjórnsmál: „Ríki Tyrkja hefur haldið velli án stórvægilegra breytinga um aldir. Aftur á móti hafa bæði alþýðuríki og lýðræðisríki verið skammlíf og staðið berskjölduð gagnvart uppþotum borgaranna. (Curley 1997)

Wilson, M.D. Spinoza's theory of knowledge. Garret, D. (a) 1997, s. 89-141

Í Siðfræðinni segir B.Spinoza (mín þýðing úr ensku): „Þekkingarfræði Spinoza er undarlegur bræðingur. Í þessum óaðskiljanlega þætti heimspeki hans hrærast saman skýrar og frumlegar hugmyndir (jafnvel órar), hvort tveggja undir „núttímalegum“ áhrifum – oft og tíðum úr smiðju Descartes - og innblæstri frá fræðum liðinna alda.“ - „Þekking á Guði eru æstu gæði lífsins og stærst dyggða.“ (Wilson 1997) - : „Á hverju einu því, sem kynni að eiga sér stað í þeim hluti, er hugtakið (hugmyndin) nær yfir, kann Guð einn skil, að svo miklu leyti sem honum er hugtakið ljóst.“ (Wilson 1997)

„Sannar eru allar hugmyndir, sem eiga sér skírskotun til Guðs.“ - „Mannshugurinn er hluti hinnar ótakmörkuðu greindar Guðs.“ - „Þeim, er býr yfir sönnu hugtaki (hugmynd) er ljóst, að svo sé, að sannleiksgildi þess sé engum vafa undirorpið.“ - „Líkami og sál er eitt og hið sama.“...Engu að síður hyggst hann skoða „[...] varanleika (duration) hugans án tillits til holdsins.“ - „Þar af leiðandi flýtur að mannshugurinn er hluti hinnar ótakmörkuðu greindar Guðs. Þegar skynjanir ber á góma er kjarni máls þess vegna, að Guð býr yfir hugtökunum. Hér á óendanleikinn ekki aðeins hlut að máli, því Guð birtist í eðli mannsins, er skapari kjarna mannshugans.“ - „Þegar við komust svo að orði, að guð búi yfir hinu og þessu hugtakinu ekki aðeins í ljósi þess, að hann hefur skapað kjarna mannshugans, heldur einnig með tilliti til þess, að hann búi yfir öðru hugtaki jafnhliða, ber að skilja sem svo, að mannshugurinn hafi takmarkaða skynjun eða skynji aðeins eina hlið hlutarins.“

Gabbey, A. Spinoza's natural science and methodology. Garret, D. (a), 1997, 142-191.

„Sérhver mannvera, hvort heldur skynsöm eða heimsk, er hluti náttúrunnar. Sérhver breytni, sem maðurinn er nauðbeygður til að sýna, skýrist af hreyfiafli náttúrunnar, sé unnt að skírskota til eðlis hlutaðeigandi manns. Enginn aðhefst nokkuð á tillits til lögmála náttúrunnar og má þá einu gilda, hvort hún lætur stjórnast af skynsemi ellegar þránni einni saman.“
(Gabbey 1997)

Í bréfi til Bouwmeeter (Gabbey 1997): „Þess vegna ber skilninginn að þeim brunni, að skynjanir eiga sér einvörðungu upptök „í ákveðnum, óbifanlegum lögmálum náttúrunnar, þ.e. fyrir því afli, er býr innra með okkur. Því er nefnilega ekki svo háttáð, að skynjanir stafi af tilviljunarkenndum orsökum, enda þótt þær séu þekktar, heldur skýrast af óhagganlegum náttúrulögmálum, hulin sjónum okkar, framandi eðli voru og ekki á voru valdi. Hvað snertir [aðrar kenndir], geri ég mér grein fyrir, að þær séu að öllu leyti tilviljunum háðar.“ Í sama bréfi: „Hin sanna aðferð felst [...] í „þekkingu hreinnar skynsemi (skilningi), eðli hennar og lögmálum. Til að ná tangarhaldi á aðferð þessari ber nauðsyn til að sundurskilja greind og hugarflug eða sönn hugtök og önnur, þ.e.a.s. ævintýralegra, falskra, vafasamra; fortakslaust öll hugtök geymd í minninu.“

Í ritgerð um greindina: „Aðferð ber ekki að skilja sem rökfærslu í því skyni að brjóta orsakir hlutar til mergjar og miklu síður felst hún í skilningi orsakanna. Aðferð er hins vegar skilningur á hinum sönnu hugtökum, sem réttuð eru frá hinum skynjununum. Af þessu leiðir, að raunar sé aðferð fólgin í íhugandi þekkingu eða hugtaki um hugtak.“

Sjá einnig: http://en.wikipedia.org/wiki/Baruch_Spinoza - <http://plato.stanford.edu/cgi-bin/encyclopedia/archinfo.cgi?entry=spinoza>